

Fundur skólaráðs Smáraskóla 10. Júní 2014

Fundinn sátu: Björg Baldursdóttir skólastjóri, Björn Gunnlaugsson aðstoðarskólastjóri, Ingibjörg Bragadóttir náms- og starfsráðgjafi, Hrefna Björg Óskarsdóttir og Guðmundína Kolbeinsdóttir fulltrúar kennara, Sigurjón Árnason og Nikola Colic fulltrúar nemenda, Kjartan Páll Eyjólfsson fulltrúi foreldrar og Ingibjörg Birna Ólafsdóttir, fulltrúi grenndarsamfélagsins.

1. Jón Ingi Guðmundsson og Karl Eðvaldsson, fulltrúar Kópavogsbæjar komu til að ræða umferðastjórnun og öryggismál í tengslum við stóra viðburði í íþróttamannvirkjum nálægt Smáraskóla. Íbúar hverfisins og fulltrúar foreldra í skólaráði hafa bent á að öryggi barna hafi verið ábótavant og svaraði Jón Ingi því þannig að ljóst væri að taka þyrfti öðruvísi á málum fyrir næstu sjávarútvegssýningu. Til dæmis hafi umferð stórra bifreiða verið mikil dagana fyrir og eftir hátíðina. Foreldrar hafa bent á að þegar tónleikar voru haldnir í öðru íþróttahúsi bæjarnis var gengið mun lengra í skipulagi. Karl kynnti uppdrátt að hugmyndum sem vonir standa til að muni leysa vandamálin að hluta til, meðal annars að gangbraut yfir Dalsmára verði gerð meira áberandi, að ný gangbraut verði sett nær skólanum og lýsing við gatnamót verði bætt. Einnig sagði Jón Ingi frá því að nú hefði verið ákveðið að stjórn umferðar yrði framvegis í höndum Kópavogsbæjar en ekki þeirra aðila sem halda sjávarútvegssýninguna, enda hafi fátt staðist að því sem þeir aðilar hafi lofað um öryggismál. Björg benti á að hætta skapist einnig oft vegna umferðar út af bílastæði Sporthússins og voru svör fulltrúa bæjarins þau að verið væri að skipuleggja breytta inn- og útkeyslu við Sporthúsið. Fulltrúi foreldra lagði áherslu á að breytt aðkoma að Sporthúsinu væri algert forgangsmál og þyldi enga bið. Svör Karls eru á þá leið að úrbóta sé von á þessu skólaári. Mál séu á því stigi að búið sé að taka ákvörðun en hönnun, útfærsla og framkvæmd muni taka einhvern tíma. Bent var á að frá hrúni hafi umferðaröryggisáætlun verið fjársvelt, sem skýri að einhverju leyti hæggang í framkvæmdum. Skólaráð óskar eftir því við fulltrúa Kópavogsbæjar að lögð verði fram tímasett áætlun um umræddar framkvæmdir við Sporthúsið. Til stendur að kynna framkvæmdirnar á íbúafundi sem haldinn verður í Smáraskóla í vikunni. Skólanum var um leið bent á hlutverk sitt, að fræða nemendur og foreldra um öruggar leiðir að skóla, mikilvægi vesta, endurskinsmerkja og annað í þeim dúr.
2. Niðurstöður samræmdra könnunarprófa í tíunda bekk voru kynntar. Breytingar hafa orðið á einkunnagiöf en nú fá allir nemendur einkunn í bókstöfum. Af þeim sökum er erfitt að bera saman við fyrri ár. Skólastjóri kynnti meðaltal raðeinkunna og benti m.a. á háa einkunn í ritunarþætti íslenskuprófsins.
3. Rannsóknin „Ungt fólk“ á högum og líðan nemenda í unglingadeild hefur nú skilað niðurstöðum. Athygli vekur að í Kópavogi er minna um reykingar og kannabisneyslu en á landsvísu. Forvarnarvinna virðist því vera að skila árangri í grunnskólum Kópavogs. Svo virðist þó sem við upphaf framhaldsskólans verði breyting. Áfengisneysla mælist einnig minni í Kópavogi en á landsvísu. Einnig kemur fram í niðustöðum að foreldrar séu nú mun meira en áður að fylgjast með ferðum barna sinna á kvöldin. Neikvæðari tölur úr niðurstöðum sýna vaxandi námsleiða. Rætt var almennt um hverjar gætu verið skýringar á ofangreindu.
4. Starfsemi Dægradvalar er nú til endurskoðunar hjá Kópavogsbæ og hafa verið lögð fram drög að samræmdri stefnu um þessi mál. Meðal annars eru tækifæri til að ná betur til nemenda í fjórða bekk, sem telja sig oft og stálpaða til að vera í Dægradvöl. Einnig var nefnt mikilvægi þess að ráða menntað starfsfólk í Dægradvöl.

5. Sagt var frá styrk sem Smáraskóli hlaut frá Forriturum framtíðarinnar. Styrkurinn er fólgin í fræðslu og tækjabúnaði sem nota má til kennslu í forritun og upplýsingatækni. Unnið er að skipulagi þess að verkefnið komist í framkvæmd.
6. Íbúasamráðsfundur verður haldinn í Smáraskóla fimmtudaginn 13. nóvember. Ákveðið var að foreldrafélag skólans tæki að sér að koma upplýsingum um fundinn til foreldrasamfélagsins.
7. Opnað hefur verið fyrir aðgang nemenda að þráðlausu neti. Hefur sú breyting mælst vel fyrir hjá nemendum en eitthvað er um að netsamband sé stopp. Fulltrúum nemenda bent á að mikilvægt sé að koma ábendingum til starfsfólks ef það kemur upp. Nemendur geta tengst netinu í kennslustundum og fyrir liggur að nemendur og starfsfólk skóla setji einhver viðmið um eðlilega notkun.
8. Gengið var gegn einelti föstudaginn 7. nóvember og þótti takast einkar vel. Einnig fékk Smáraskóli verkefnið Skáld í skólum frá Rithöfundasambandi Íslands þar sem skáld fluttu dagskrár fyrir nemendur. Verkefnið er liður í að efla lestraráhuga nemenda.
9. Þemadagar eru á næsta leiti og verða undir yfirskrift umhverfismála. Unnið er að skipulagi.
10. Erindi hefur borist skólaráði frá foreldrum í 4. bekk. Þar eru settar fram tillögur að úrbótum í samskiptamálum nemenda. Meðal annars er farið fram á að skólastjóri boði til fundar með viðkomandi foreldrahópi og hefur verið brugðist við því. Verður sagt nánar frá niðurstöðum þess fundar á næsta skólaráðsfundi.
11. Erindi hefur einnig borist frá foreldrum nemenda í 7. bekk, að um þau sé fullþröngt í þeirri stofu sem nú er notast við. Sá möguleiki er til athugunar að færa til tónmenntakennslu með það fyrir augum að endurraða unglíng- og miðstigi í álmur skólahúsnæðissins en það myndi koma til móts við þessar óskir. Bent var á að hugsanlega mætti fækka húsgögnum, raða þeim öðruvísi eða nýta núverandi stofu betur og verða þeir möguleikar kannaðir nánar áður en ráðið er í að breyta stofuskipan.
12. Eftir fund á vegum foreldrafélagsins fyrir bekkjarfulltrúa skólans hefur skólanum borist bréf frá foreldrum með ábendingum um bæði jákvæða hluti og það sem betur mætti fara í samstarfi skólans við heimilin. Þar á meðal var bent á að heimasíða skólans þarfnist betrubóta, að foreldrar hefðu aðkomu að stefnumótun varðandi eineltsmál, að upplýsingagjöf um nemendamál megi bæta og fleira. Skólinn fagnar þessum ábendingum og mun kappkosta að koma til móts við þær eins og hægt er.
13. Foreldrar í fimmtu bekkjum hittust og vildu koma ábendingu til skólans um að þegar efnt var til tveggja tíma fundar með nemendum þar sem verið var að ræða samskipti, hafi foreldrar ekki verið upplýstir. Þeirri ábendingu verður komið til hlutaðeigandi. Á sama fundi kom fram að þrenn hjón í árganginum hafi haft frumkvæði að því að leita til bæjaryfirvalda vegna umferðarmálanna kringum skólann. Einnig kom ábending vegna rúðubrota sem hafa orðið í skólanum, hvort hægt væri að fyrirbyggja slíkt.

Fundarritun: Björn Gunnlaugsson